

**3177. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
31. mars 2016 og hófst hann kl. 18:00**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfssdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmaðóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1602030 - Fundargerðir 2016 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**

133. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 7. mars 2016.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**2. 1603032 - Fundargerðir 2016 - Samband ísl. sveitarfélaga**

837. fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18. mars 2016.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**3. 1601444 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2016**

242. mál um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

247. mál um móturn stefnu til að draga úr notkun á skaðlegum efnunum í neysluvörum.

354. mál um skilyrðislausa grunnframfærslu (borgaralaun).

*Lögð fram til kynningar.*

"Bæjarráð fagnar tímabærri eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og felur bæjarstjóra að senda umsögn þar að lútandi. Jafnframt verði minnt á að Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi er eina sjúkrahúsið á suðvesturhorninu sem er utan skilgreindra hamfarasvæða og því beri að staðfesta hlutverk stofnunarinnar sem varasjúkrahús fyrir Landspítala og að það verði haft að leiðarljósi við framtíðaruppbyggingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

**4. 1603149 - Sementsreitur - framtíðaruppbygging**

Niðurrit og framtíðaruppbygging á Sementsreit.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs mætir á fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda formlegt erindi fjárlaganefndar og fjármála- og efnahagsráðherra með beiðni um þátttöku í kostnaði vegna niðurrits.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu varðandi þær eignir sem eru í útleigu á reitnum í samræmi við ákvarðanir sem tengjast framvindu skipulagslýsingar sem er í vinnslu í skipulags- og umhverfisráði.

RPJ/jgs

**5. 1510028 - Þjónustusvæði í málefnum fatlaðra**

Bæjarstjórn Akraness fól bæjarstjóra á fundi sínum þann 8. mars 2016, að kanna afstöðu Hvalfjarðarsveitar til samstarfs í málefnum fatlaðra, m.a. sameiginlegs reksturs þjónustusvæðis.

Fyrir liggur svarbréf sveitarstjórnar þar sem tekið er jákvætt í erindi Akraneskaupstaðar.

*Bæjarráð bakkar Hvalfjarðarsveit fyrir undirtektirnar og felur bæjarstjóra að sækja um undanþágu frá stærðarviðmiðum til félags- og húsnæðismálaráðherra.*

**6. 1410203 - Jöfnunarsjóður - Framlög 2015**

Bréf Jöfnunarsjóðs dags. 8. mars 2016, um framlög úr sjóðnum vegna ársins 2015.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. 1603106 - Orkuveita Reykjavíkur - verðmat**

Erindi Borgarbyggðar dags. 10. mars 2016, þar sem óskað er eftir viðræðum vegna verðmats á Orkuveitu Reykjavíkur.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsingar um málið.*

**8. 1501150 - Flóasiglingar**

Lagt fram yfirlit umsækjenda um ferjusiglingu á milli Reykjavíkur og Akraness.

*Sigurður Páll Harðarson svíðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs mætir á fundinn undir þessum lið og gerir grein fyrir stöðu mála.*

**9. 1410165 - Þjónustumiðstöð að Dalbraut 6**

Í bréfi dagsettu 15. mars 2016 óskar samráðshópur Akraneskaupstaðar og FEBAN um þjónustumiðstöð fyrir aldraða eftir heimild bæjarráðs til að ganga að tilboði Al-hönnunar ehf. í frumhönnun á breytingum á húsnæðinu að Dalbraut 6. Frumhönnunin yrði grundvöllur fyrir áætlun kostnaðar við breytingarnar og tillögum að áfangaskiptingu verkefnisins, sbr. erindisbréf samstarfshópsins.

*Bæjarráð heimilar starfshópnum að taka tilboði Al- hönnunar vegna frumhönnunar á húsnæðinu Dalbraut 6.*

*Gert er ráð fyrir útgjöldunum í fjárfestingaáætlun ársins.*

**10. 1602159 - Asparskógar 29, umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn Uppbyggingar ehf. um greiðslufrest á seinni hluta gatnagerðargjalda vegna lóðar að Asparskógum 29.

*Bæjarráð fellst á að veita gjaldfrest með vísan til 5. mgr. 10. gr. gjaldskrár Akraneskaupstaðar nr. 710/2015 með skilyrði um að væntanleg gögn staðfesti fjármögnun.*

**11. 1602158 - Asparskógar 27, umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn Uppbyggingar ehf. um greiðslufrest á seinni hluta gatnagerðargjalda vegna lóðar að Asparskóginum 27.

*Bæjarráð fellst á að veita gjaldfrest með vísan til 5. mgr. 10. gr. gjaldskrár Akraneskaupstaðar nr. 710/2015 með skilyrði um að væntanleg gögn staðfesti fjármögnun.*

**12. 1401041 - Markaðsstofa Vesturlands - ýmis mál**

Með bréfi dagsett 1. mars 2016 óskaði bæjarráð eftir upplýsingum hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi um fjármögnun Markaðsstofu Vesturlands, m.a. hver er rekstrarkostnaður á ári og hvernig rekstrargjöld skiptast á milli sveitarfélaga sem eiga aðild að stofunni. Fyrir liggur svarbréf frá SSV, dagsett 22. mars sl.

*Lagt fram.*

**13. 1601446 - Kvikmyndataka á Akranesi**

Heimild vegna lágflugs vegna kvíkmyndatöku á Akranesi.

*Bæjarráð staðfestir afgreiðslu bæjarstjóra.*

**14. 1603134 - Fyrirtækjakönnun SSV 2016**

Niðurstöður fyrirtækjakönnunar SSV fyrir árið 2016.

*Lagðar fram.*

**15. 1602245 - Fjölþætt heilsurækt í sveitarfélögum**

Erindi Janusar Heilsueflingu slf. um verkefnið Fjölþætt heilsurækt í sveitarfélögum - Leið að farsælli öldrun.

*Bæjarstjóra falið að ganga frá viljayfirlýsingu um þátttöku í verkefninu.  
Kostnaði, allt að 1 mkr. verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.*

**16. 1603152 - Ungmennamót í Bamble í Noregi 2016 og vinabæjarmót á Akranesi 2017**

Styrkumsókn frá Norræna félagini á Akranesi.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga um umfang og kostnað vegna viðburðanna.*

**17. 1603113 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - greiðsluframlag**

Greiðsluframlag til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

*Lagt fram til kynningar.*

*RAÍ  
GK*

**18. 1603077 - Gullfoss AK 2854 hvalaskoðunarskip - rekstrarleyfi fyrir veitingastað**

Erindi Sýslumannsins á Akranesi þar sem óskað er eftir umsögn Akraneskaupstaðar vegna rekstrarleyfis fyrir veitingastað á hvalaskoðunarskipinu Gullfoss.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemd við umsóknina.*

**19. 1603153 - SSV - aðalfundarboð 2016**

Boð á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi þann 6. apríl næstkomandi á Hótel Hamri, Borgarnesi.

*Bæjarráð samþykkir að á fundinn fari eftirtaldir fulltrúar:*

*Valdís Eyjólfssdóttir, Rakel Óskarsdóttir, Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir, Ingibjörg Valdimarsdóttir og Jóhannes Karl Guðjónsson.*

**20. 1603107 - Sorpurðun Vesturlands - aðalfundur 2016**

Boð á aðalfund Sorpurðunar Vesturlands sem haldinn verður 6. apríl næstkomandi kl. 13:00 að Hótel Hamri Borgarnesi.

*Bæjarráð samþykkir að á fundinn fari Sævar Jónsson.*

**21. 1603135 - Lánasjóður sveitarfélaga ohf - aðalfundur 2016**

Boð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem haldinn verður föstudaginn 8. apríl næstkomandi kl. 15:30 á Grand Hótel Reykjavík.

*Bæjarráð samþykkir að formaður bæjarráðs sæki fundinn fyrir hönd Akraneskaupstaðar.*

**22. 1603145 - Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög - aðalfundur 2016**

Boð á aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur og þriggja dótturfélaga sem haldinn verður 18. apríl næstkomandi kl. 13 í lónó við Vonarstræti.

*Bæjarráð samþykkir að bæjarstjóri sæki aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur f.h. Akraneskaupstaður.*

**23. 1603117 - Ársþing ÍA 2016**

Ársþing Íþróttabandalags Akraness verður haldið þann 7. apríl næstkomandi.

*Lagt fram.*

*Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:35.*

*Valdís Eyjólfssdóttir*

*Jugilbjörg Þórunn Guðbjartsdóttir*

*Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir*

*Jugilbjörg Valdimarsdóttir*

*Regína Asul Ólafsdóttir*